

Lög

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (skuldajöfnun, greiðslujöfnunarsamningar og ógildir löggerningar).

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. a laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: *Greiðslujöfnunarsamningur*: Samningur sem felur í sér að unnt er að umreikna samrættar kröfur eða skuldbindingar fjármálafyrirtækis og viðsemjanda þess í eina jafnaða kröfu, þ.m.t. samningur um greiðslujöfnun til uppgjörs.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 99. gr. laganna:

- J-liður orðast svo: Samningur um skuldajöfnuð á grundvelli greiðslujöfnunarsamnings sem gerður hefur verið áður en fjárhagsleg endurskipulagning fjármálafyrirtækis hefst fer eftir lögum þess aðildarríkis sem um samninginn gilda. Jafnframt hefur lánardrottinn rétt til þess að krefjast skuldajöfnunar kröfu sinnar gagnvart kröfu fjármálafyrirtækis, enda sé skuldajöfnun heimil samkvæmt lögum þess aðildarríkis sem gilda um kröfu fjármálafyrirtækisins. Réttur til skuldajöfnunar skv. 2. másl. takmarkast þó af rétti fjármálafyrirtækis til þess að krefjast ógildingar eða riftunar eftir reglum laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, eða XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.
- N-liður orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði d- og e-liðar er heimilt að beita ákvæðum III. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, um ógilda löggerninga, nema lög gistiríkis heimili ekki slíkt. Hið sama á við reglur XX. kafla laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Löggerningur verður þó ekki ógiltur ef sá sem hag hefur af því að slíkur gerningur haldi gildi sínu leggur fram fullnægjandi sönnun um að um löggerninginn eigi að gilda lög annars ríkis og að þar sé ekki að finna ógildingar- eða riftunarreglu sem tekur til þess tilviks sem um ræðir.

2

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 26. apríl 2018.